

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn hreindýraráðs um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Í framhaldi af símafundi undirritaðs með Umhverfisnefnd í morgun óska ég eftir að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum f.h. hreindýraráðs.

1. Skv. frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar verður hreindýraráð ráðgefandi um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Verkefni nýs hreindýraráðs verða væntanlega fyrst og fremst þrjú, það er a) að gera tillögur til Umhverfisstofnunar um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli svæða, b) að gera tillögur til Umhverfisstofnunar um skiptingu arðs af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra og c) að leggja fram tillögur um skilgreiningu ágangssvæða að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands. Ekki er augljóst, að fulltrúi Skotveiðifélags Íslands eigi að koma að þessum verkefnum eða hafa áhrif á þau. Hins vegar væri eðlilegt að Skotvís gæti með einhverju móti haft áhrif á a) sölu veiðileyfa og b) eftirlit með hreindýraveiðum og ráðningu eftirlitsmanna. Þessi verkefni verða einvörðungu í verkahring Umhverfisstofnunar. Því er lagt til að Skotvís fái ekki fulltrúa í hreindýraráði.

2. Með breytingum þeim sem verða um áramót minnkar hlutverk hreindýraráðs verulega, auk þess sem það hefur ekki lengur stjórnarsýsluhlutverk. Ráðið verður aðeins ráðgefandi og leggur fram tillögur til Umhverfisstofnunar, sem annast alla stjórnarsýslu. Í frumvarpinu er þess hvergi getið hvernig kostnaði eigi starfsemi hreindýraráðs, en kostnaðurinn verður óhjákvæmilega verulegur, enda líklegt að fulltrúarnir verði dreifðir um landið, miðað við það sem fram kemur í frumvarpinu.

Á fyrri stigum þessa máls lagði hreindýraráð til, að fulltrúum yrði fækkað úr fimm í þrjú. Hér með er sú tillaga ítrekuð. Ráðherra skipi formann ráðsins án tilnefningar, Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu sameinist um að tilnefna einn fulltrúa og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra tilnefni einn fulltrúa. Fulltrúi Náttúrustofu Austurlands og fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands hafi rétt til að sitja fundi hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt.

3. Í 43. grein frumvarpsins er á tveimur stöðum talað um “veiðisvæði hreindýra” en á með réttu að standa “ágangssvæði hreindýra” Þetta er annars vegar í lok 4. málsgreinar og hins vegar í lok 5. málsgreinar. Í reglugerð nr. 485/2002 um skiptingu arðs af hreindýraveiðum eru eftirfarandi ákvæði í 1. grein:

“Við úthlutun veiðileyfa er leyfing skipt niður á ágangssvæði. Með ágangssvæði er átt við nánar skilgreint svæði, þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu. Úthluta skal arði á einstök

ágangssvæði í samræmi við úthlutuð veiðileyfi. Hreindýraráð gerir ár hvert tillögu til umhverfisstofnunar um fjölda og mörk ágangssvæða aðfengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands”.

Samkvæmt þessu er rétt að tala um ágangssvæði hreindýra í stað veiðisvæða hreindýra.

4. Í lok fjórðu málsgreinar segir í frumvarpinu: “Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli ágangsveiðisvæða (breyting mín skv. lið 3 hér að framan). Til að taka af öll tvímæli leggur hreindýraráð til að hér verði bætt við orðunum “að fegnum tillögum Náttúrustofu Austurlands”.

5. Í síðustu málsgrein 43. greinar, annarri setningu standa orðin “Náttúrufræðistofnun Austurlands” en á að vera “Náttúrustofa Austurlands”.

6. Í lögum nr. 100/2000 um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, segir eftirfarandi:


“...Náttúrustofa Austurlands (NA) annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 2. mgr....”

Sem sagt, það er sem sagt skýrt í lögum að NA hafi það lögbundna hlutverk að vakta og rannsaka hreindýrastofninn - en í síðustu málsgrein 43. greinar fyrirbyggjandi frumvarps segir: “Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands”.

Miðað við þessi ákvæði laga nr. 100/2000 verður ekki séð að Náttúrustofa Austurlands eigi að semja um þetta hlutverk, heldur er það lögbundið.

Virðingarfyllt,

f.h. hreindýraráðs



Hákon Hansson
formaður